

Sþ.

267. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Ber ýmislegt til þess, og vil ég því gera grein fyrir afstöðu minni í sérstöku álit.

Hin síðari ár hefur afgreiðsla fjárlaga tekið mjög miklum breytingum. Frá 1945 hafa rekstrarútgjöld fjárlaganna $2\frac{1}{2}$ -faldast að krónutölu, en jafnframt orðið mjög miklar breytingar á hlutfalli milli hinna ýmsu útgjaldaliða. Þannig hefur til dæmis hlutfallstala verklegra framkvæmda, sem greiddar eru af rekstrargjöldum ríkisins, og á ég þar við nýbyggingar vega, brúa, hafna, skólahúsa og sjúkrahúsa, farið sílækkandi. Árið 1946 var varið til þessara framkvæmda ca. 15.3% af heildarrekstrargjöldum ríkisins, 1947 ca. 14%, 1948 ca. 10%, 1949 ca. 9.1% 1950 ca. 8.6%, og eins og afgreiðsla virðist nú ákveðin af hæstv. ríkisstjórn og flokkum hennar, munu þessar framkvæmdir fá í hæsta lagi 7.6% rekstrarútgjalda, eða fyllilega helmingi lægri en 1946. Þótt að visu megi hér taka nokkurt tillit til þess, að nokkrir nýir útgjaldaliðir hafa bætt á fjárlögin á þessum tíma, sem eðlilega röskuðu þessu hlutfalli eitthvað, þá er þar ekki um að ræða nema brot af þeim gifurlega mismun, sem hér hefur verið bent á. Sérstaklega er þetta varhugavert á tímum eins og nú, þegar atvinnuleysi fer

vaxandi, og þannig horfur á, að allmikill hluti vinnuafls þjóðarinnar notist ekki, ef sömu stefnu verður haldið áfram í atvinnumálum þjóðarinnar sem nú er gert.

Þegar litið er yfir aðra þætti fjárlaganna og samanburður gerður á milli þessara ára, koma ekki síður athyglisverðir hlutir í ljós.

Viðvíkjandi dýrtíðargreiðslunum má t. d. benda á það, að þær eru lægstar 1946, einmitt það árið, sem framlögin til fyrrnefndra verklegra framkvæmda eru hæst. Samkvæmt ríkisreikningnum eru greiddar eftirtaldar fjárupphæðir til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands þessi ár:

1946	16 245	millj. kr.		
1947	35 930	—	—	
1948	44 611	—	—	
1949	36 433	—	—	
1950	33 000	—	—	(áætlun fjárl.).

Á þessu fjárlagafrumvarpi, sem nú skal afgreiða fyrir næsta ár, eru áætlaðar 25 millj. til dýrtíðarráðstafana. Hver maður veit, að þær upphæðir, sem notaðar hafa verið s. l. ár, og sú upphæð, sem áætluð er fyrir yfirstandandi ár, nægja engan veginn til þess að halda verðbólgunni í skefjum. Kemur þetta gleggst í ljós með því dýrtíðarflóði, er yfir skall með gengislækkuninni. Þaðan af síður þarf nokkur maður að efast um, að þær 25 millj., sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni skammt hrökkva. Hér er því beinlínis verið að bjóða heim verðbólguflóði, sem enginn sér hvenær muni lægja.

Þá skal vikið að nokkrum atriðum, sem beinlínis vantar á frumvarpið.

Má þá fyrst benda á það, að ein umfangsmesta og dýrasta ríkisstofnunin, fjárhagsráð ásamt undirdeildum þess, er alls ekki tekin með. Í athugasemdum við frv. er þess að vísu getið, að e. t. v. verði gerðar breytingar á þessu kerfi, og ekki sé vítað, hvers kostnaðar megi vænta af eftirliti með gjaldeyrisverzlun og verðlagi á næsta ári, og sé því þeim lið sleppt að svo stöddu. Nú eru liðnir nær tveir mánuðir síðan frumvarpið var lagt fram, og hefði verið eðlilegt, að nægilegar upplýsingar um þau efni lægju fyrir, svo að hægt væri að taka þá áætlun inn í frumv. fyrir 2. umræðu, svo fremi að tilætlunin sé að halda þessari starfsemi áfram, sem án efa mun vera fyrirhuguð.

Á 16. gr. B., sjávarútvegsmál, eru felldir niður þrír stórir liðir, sem voru á síðustu fjárlögum til aðstoðar vélbátaflotanum. Er það í fyrsta lagi framlag til að lækka framleiðslukostnað bátaútvegsins, 1 700 þús. kr., og tvenns konar greiðslur vegna síldveiðanna sumarið 1949, samtals 2 800 þús. Þannig er framlagið til sjávarútvegsmála lækkað um 4 500 þús. Ekkert liggur fyrir, sem bendir í þá átt, að vélbátaútgærdin þurfi síður á aðstoð að halda nú en áður, þótt sú aðstoð ætti máské að vera í öðru formi, heldur hníga öll rök að því, að mjög sé tvísýnt um rekstur þess atvinnuvegar á næsta ári, ef ekkert verður að gert. Sá samdráttur framleiðslunnar, sem af slíku mundi leiða, mundi ekki aðeins valda skorti á nauðsynjavörum handa þjóðinni, heldur einnig draga svo úr tekjum ríkisins, að fjárlögin sjálf fengju á engan hátt staðizt. Ég tel því, að Alþingi sé að skjóta sér undan óhjákvæmilegri nauðsyn, ef fram hjá þessu verður gengið, og flyt því um það breytingartillögu.

Þá skal enn fremur á það bent, að framlagið til almannatrygginga á 17. gr., 17 300 þús. kr., er of lágt áætlað, miðað við að sömu bætur verði greiddar og áður. Er þessi áætlun byggð á því, að ekki sé tekið tillit til þeirrar 15% vísitöluhækkunar, sem víðurkennd er í frumvarpinu og allar launagreiðslur reiknaðar eftir. Ef ríkið neitar að taka tillit til þessarar hækkunar með hækkun á sínu framlagi, verður vitanlega ekki hægt að innheimta iðgjöld einstaklinga eða framlög sveitarfélaga með þessu lagi. Nú nemur 15% hækkun á framlagi ríkisins nokkuð á fjórðu milljón króna. En sé þar við lagt 15% vísitöluálag á önnur iðgjöld, þá nemur sú upphæð 7—8 millj. kr., sem tryggingarnar yrðu að taka sem rekstrarhalla, ef tekjurnar hækka ekki. Í greinargerð frumvarps þess um breytingu á tryggingalögum, er lagt hefur verið

fyrir Alþingi, er að vísu gert ráð fyrir þessu frá hendi hæstv. ríkisstjórnar. Hins vegar fæ ég ekki séð, hvernig slík afgreiðsla fær staðizt, og virðist því óhjákvæmi-legt að hækka framlag hins opinbera um a. m. k. mestan hluta þeirrar vísitöluhækkunar, er hér um ræðir. Sú afgreiðsla, sem að er stefnt með fyrrnefndum breytingartillögum, hlýtur að kollvarpa sjálfu tryggingakerfinu áður en langt liður, ef hún verður framkvæmd.

Það, sem einkennir þá fjárlagaafgreiðslu, er nú virðist vera fyrirhuguð samkv. tillögum meiri hluta fjárveitinganefndar og hæstv. ríkisstjórnar, er því þetta:

1. Felldar eru nú að fullu niður greiðslur vegna fiskábyrgðar, sem s. l. ár námu 30 millj. króna.
2. Lækkaðar hafa verið greiðslur vegna niðurgreiðslu á vöruverði innanlands um 8—9 millj. kr.
3. Lækkuð hafa verið framlög til sjávarútvegsins um $4\frac{1}{2}$ millj. kr., með því að fella niður fyrrnefndar upphæðir til ýmiss konar aðstoðar við vélbátaflotann.
4. Framlög til verklegra framkvæmda eru ekki hækkuð að krónutölu, þótt gengislækkunin valdi því, að miklu minna verður nú unnið fyrir sömu upphæðir en áður.

Þrátt fyrir þetta lækka rekstrarútgjöld fjárlaganna ekki nema um rúmar 10 millj., sé miðað við, að samþykktar verði allar breytingartillögur meiri hlutans. En eins og bent hefur verið á, munu ekki vera komin öll kurl til grafar enn þá, og vafasamt, hvort munurinn verður nokkur um það er lýkur.

Þessi ömurlega niðurstaða er vitanlega bein afleiðing þess, að gengislækkunin, sem notuð var til þess að létta vissum fjárhagsbyrðum af ríkissjóði, svo sem fiskábyrgðar- og dýrtíðargreiðslum, hefur valdið nýju dýrtíðarflóði, sem krefst aukinna útgjalda á öðrum sviðum, bæði í beinum launagreiðslum og öðru, er snertir beinan rekstur ríkisins.

Þannig færast æ meiri og meiri hluti teknanna frá því að vera annaðhvort trygging fyrir framleiðsluna eða aflvaki verklegra framkvæmda í það að verða bein rekstrarútgjöld við sjálft embættiskerfið.

Viðvíkjandi þeim breytingartillögum, er ég flyt á sérstöku þingskjali, skal þetta tekið fram:

Við 10. gr. flyt ég 3 breytingartillögur. Tvær hinar fyrri um að fella niður fjárveitingar til sendiráðanna í Osló og Stokkhólmi. Hefur það áður verið rætt allmikið, bæði í fjárveitinganefnd og annars staðar, að nægilegt væri að hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum. Við þetta mundi sparast nærri $\frac{1}{2}$ millj. kr. Þá er tillaga um að lækka kostnað við þátttöku í alþjóðaráðstefnum um 200 þús. kr. Ég hygg óhætt að fullyrða, að Íslendingar mundu engu tapa, þótt dregið væri úr þeim ferðalögum, sem mjög hafa tíðkæzt undanfarið á hvers konar erlend mót, og því sé óhætt að lækka þennan lið er þessu nemur.

Við 11. gr. eru 2 breytingartillögur. Hin fyrri er um að fella niður 50 þús. kr. fjárveitingu til viðgerðar á bæjarfógetahúsinu í Neskaupstað vegna skemmda af völdum skriðuhlaups.

Á síðustu fjárlögum voru veittar til þessa 100 þús. kr., og sýnast þessar upphæðir báðar til samans óeðlilega háar til þess aðeins að bæta fyrrnefndar skemmdir. Sé hins vegar um aðrar framkvæmdir að ræða, ætti það að koma fram. —

Önnur tillagan við þessa grein er um að lækka kostnað við húsaleiguetfirlit um 50 þús. kr. Mun hér ekki vera um meira starf að ræða en svo, að hægt væri að vinna það auðveldlega fyrir þá upphæð, er ég legg til.

Við 12. gr. legg ég til, að hækkaður verði styrkur til byggingar læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga um 200 þús. kr. Er hér um að ræða hina mestu nauðsyn, en upphæð sú, sem nú er á frumvarpinu, hefur einmitt mjög verið lækkuð hin síðustu ár.

Við 16. gr. B. legg ég til, að tekin verði upp ný fjárveiting til aðstoðar við vélbátaflotann, 4 500 000 kr., eða sama upphæð og var í þrennu lagi á síðustu fjárlögum.

SömuLeiðis legg ég til, að framlagið til almannatrygginga á 17. gr. verði hækkað um 3 millj. kr., í samræmi við það, sem áður er sagt um það atriði.

Þá er að síðustu tillaga um að lækka framlag til sýslumannabústaða á 20. gr. um 200 þús. kr. Á frumvarpinu eru jafnar uppbætur ætlaðar til sýslumannabústaða, bygginga á prestssetrum og læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa, annarra en fjórðungssjúkrahúsa. Þegar athugaður er fjöldi embættisbústaða hveurrar tegundar og þess gætt enn fremur, að sjúkrahúsin og sjúkraskýlin fylgja læknisbústöðunum, þá verður því ekki neitað, að hér er um mjög mikið ósamræmi að ræða.

Verði þessar breytingartillögur samþykktar, þannig að greiðsluhalli verði á frumvarpinu, mun ég við 3. umræðu flytja breytingartillögu um breytingar á tekjuáætluninni eða öflun nýrra tekna til að mæta þeim útgjöldum.

Alþingi, 4. des. 1950.

Ásmundur Sigurðsson.